



14. september 2012

Ávarp

Más Guðmundssonar seðlabankastjóra við opnun sýningar á minnispeningum og munum sem voru í eigu Dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, ráðherrar, fyrrverandi seðlabankastjórar og aðrir góðir gestir,

Ég býð ykkur öll velkomin á þessu sýningu á minnispeningum og munum sem Dr. Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseta áskotnaðist á ferli sínum. Þessir og fleiri minnispeningar og munir í eigu Kristjáns hafa verið í vörslu Myntsafns Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafns en hér á eftir munu börn Kristjáns afhenda þá safninu til eignar. Það er okkur mikill heiður að þiggja þessa höfðinglegu gjöf á þrjátíu ára dánarafmæli Kristjáns.

Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns varð til með samruna efnis frá Þjóðminjasafni Íslands og Seðlabankanum. Hvor aðilinn er eigandi þess efnis sem hann lagði til en Seðlabankinn annast daglegan rekstur safnsins. Aðdragandinn var sá að upp úr 1960 hóf Landsbanki Íslands – Seðlabankinn að huga að skjalasafni sínu og sögu. Það starf annaðist Haraldur Hannesson hagfræðingur, en við það vaknaði einnig áhugi á myntsögu Íslands. Þegar Seðlabankinn flutti safnastarfsemi sína í vegleg húsakynni að Einholti 4 var hafist handa við að skrá og flokka safngripi í eigu bankans. Í framhaldi var mynteign Þjóðminjasafns komið fyrir í hinu nýja safni.

Formlegur samningur um stofnun og rekstur *Myntsafns Seðlabanka og Þjóðminjasafns* var gerður í janúar 1985 og staðfestur af menntamálaráðherra. Samkvæmt samningnum hefur safnið margþætt hlutverk. Fyrst má nefna að því er ætlað að ná saman sem fullkomnustu safni opinbers gjaldmiðils á Íslandi, þ.e. að safna innlendum gjaldmiðli sem varpað getur ljósi á íslenska viðskiptahætti. Ennfremur að skrá heimildir um sögu íslensks verðmælis og viðskiptahátta, auk þess að ná saman góðu yfirlitssafni opinbers gjaldmiðils norrænna þjóða og sýnishornum af gjaldmiðli annarra þjóða, fornra og nýrra. Þá skipuleggur safnið samstarf við seðlabanka helstu viðskiptaþjóða Íslendinga um skipti á sýnishornum opinbers gjaldmiðils. Einnig er markmiðið að safna og sinna efni sem tengist myntsláttu, svo sem minnispeningum og heiðursmerkjum og standa fyrir og taka þátt í sýningum er varða framangreind

efni og birta vandaða umfjöllun um þau, auk þess að eiga og halda við heimildasafni um myntfræðileg efni.

Dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og Haraldur Hannesson safnstjóri Seðlabankans voru frumkvöðlar þess að samstarfinu um myntsafnið var komið á, en Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri studdi dyggilega við stofnun safnsins og framgang þess og má telja þá þrjá guðfeður safnsins. Það er því mjög gleðilegt að Jóhannes er hér með okkur í dag.

Kristján Eldjárn var mikill áhugamaður um söfn og söfnun eins og alþjóð veit og kemur það glögggt fram í þeirri hirðusemi og alúð sem þessu efni hefur verið sýnt. Í huga þjóðarinnar lifir Kristján Eldjárn einnig sem farsæll forseti og fræðimaður. Við sýnum því einnig hér myndir á skjánum af ferli hans og hér í horninu sýnum við sjónvarpsþætti úr þáttaröðinni munir og minjar sem nutu mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar á fyrstu árum íslensks sjónvarps og teljast nú til menningararfsins.

Að svo mæltu bið ég Þórarinn Eldjárn að taka til máls.